

Nr.	Dags.	Bréfritari	Efni – ágríp	Stikkorð	Svar - niðurstaða
1	8. 10.	Oddur Helgi Halldórsson, Höfðahlíð 10 kt. 240359-3089	a) Gerð er athugasemd við að aðeins eru sýnd 2 bílastæði á lóð nr. 10 við Höfðahlíð. Óskað er eftir að verði sýnd 5 bílastæði sbr. afgreiðslu um fjölgun bílastæða sem samþykkt var 2001, sjá mál nr. BN010286. b) Ábendingar um leiðréttingar í húsakönnun.	Bílastæði  Húsakönnun	a) Tekið er tillit til athugasemdarinnar og viðeigandi breytingar gerðar á uppdrætti. b) Tekið er tillit til ábendingarinnar og viðeigandi breytingar gerðar á húsakönnun.
2	18. 10.	Helga Aðalgeirsdóttir kt. 301264-4109 Óskar Ingi Sigurðsson kt. 190963-5199 Áshlíð 12	a) Ábendingar um leiðréttingar í húsakönnun. b) Spennistöð er í enda bílskúrs í Áshlíð 14.	Húsakönnun Spennistöð	a) Tekið er tillit til ábendinganna og viðeigandi breytingar gerðar á húsakönnun. b) Tekið er tillit til athugasemdarinnar og viðeigandi breytingar gerðar á greinargerð.
3	16. 10.	Hverfisnefnd Holta- og Hlíðahverfis Fyrirspurn frá hverfisnefndinni.	a) Hvers vegna er húsið Sólvangur ekki inná deiliskipulaginu? b) Hvernig er akstursleið skilgreind að Háhlíð 4?  Hverfisnefndin gerir ekki athugasemdir við deiliskipulagið.	Sólvangur  Háhlíð 4	Fyrirspurninni var svarað í tölvupósti 16. okt. a) Sólvangur er inni á deiliskipulagi Glerárgils. b) Aðkoma að Háhlíð 4 er frá Háhlíð en akfær göngustígur er frá Höfðahlíð.
4	29. 10.	Sigurður Líndal Arnfinnsson kt. 080854-3909 Kristín B. Hjaltalín kt. 0603563789 Jarþrúður Sveinsdóttir kt. 2505394289 Skarðshlíð 17	Gerð er athugasemd við að reitur milli Höfðahlíðar 2 og Skarðshlíðar 17, sem áður var eign Norðurorku, flytjist til lóðar nr. 2 við Höfðahlíð en þau hafa alla tíð hirt blettinn. Lóðin nr. 2 við Höfðahlíð er aldrei hirt eða slegin og því ekki rétt að stækka hana.	Lóðarstækkun Höfðahlíð 2	Í deiliskipulagi er verið að horfa til lengri tíma og hvernig framtíðarnýting svæða geti orðið sem best. Á lóðinni nr. 2 við Höfðahlíð er gert ráð fyrir að heimilt verði að rífa núverandi hús og byggja stærra húsnaði sem yrði í takt við næstu hús í nágrenni þess. Lóðin er einnig stækkuð vegna þessa. Með því er verið að þetta byggð og samræma að þeim byggingum sem þar eru nú.

Nr.	Dags.	Bréfitari	Efni – ágríp	Stikkorð	Svar - niðurstaða
5	30. 10.	Jónas Reynisson kt. 010754-5349 Hjördís Ásta Edvinsdóttir kt. 070759-2929 Lönguhlíð 24	Þau mótmæla áætlunum um raðhús við Höfðahlíð þar sem það heftir útsýni og skemmi ásýnd svæðisins. Brekkan er eini staðurinn fyrir krakka að renna sér á veturna.	Raðhús – þétting byggðar	Samkvæmt gildandi aðalskipulagi Akureyrar er gert ráð fyrir þéttingu byggðar þar sem hægt er að koma því við. Þétting byggðar er hagkvæmt ráðstöfun sem eflir sjálfbærni og styrkir viðkomandi svæði. Í deiliskipulagstillögunni er gert ráð fyrir þéttingu byggðar á svæði sem illa er nýtt að stórum hluta. Gert er ráð fyrir að hluti þessa útivistarsvæðis verði nýttur fyrir lágstemmda íbúabyggð þannig að hún falli sem best að núverandi umhverfi. Megnið af útivistarsvæðinu verður þó áfram skilgreint sem slíkt auk leiksvæðis.
6	31. 10.	Jóhannes B. Jóhannsson kt. 200644-3959 Höfðahlíð 6	a) Mótmælt er að gatan verði mjókkuð og bílastæði sett samsíða. Frekar ætti að setja grasrönd milli gangstéttar og götu fyrir snjó. Bærinn á ekki að kosta bílastæði. b) Loka á fyrir gegnumakstur á bílaplani N1 þar sem hann eykur umferð og hraða í Höfðahlíðinni.	Bílastæði  Gegnumakstur við N1	a) Í deiliskipulagstillögunni er verið að horfa til framtíðar skipulags hverfisins. Samkvæmt samþykkt bæjarstjórnar frá 1999 skulu öll íbúðahverfi bæjarins skilgreind með hámarkshraða 30 km/klst. Skipulagi hverfisins tekur því mið af kröfum sem gerðar eru til íbúðahverfa í dag s.s. um staðla um breiddir gatna og reglur um hámarkshraða ofl. b) Samkvæmt deiliskipulagstillögunni er gert ráð fyrir að lóð N1 stækki til suðurs eða um breidd götunnar sem áður var austasti hluti Höfðahlíðar. Í tillögunni er ekki gert ráð fyrir að hægt verði að keyra í gegnum lóð N1 en aðkoma að Sólheimum mun halda sér.